

Undirbúningur að friðlýsingu: Geysissvæðið Samráðsáætlun

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Bláskógabyggðar og Umhverfisstofnunar vinnur nú að friðlýsingu Geysissvæðisins. Samráð er afar mikilvægur hluti af undirbúningi friðlýsingar og mikilvægt að það hefjist á fyrstu stigum máls. Markmið samráðs er að veita þeim sem hagsmunu eiga að gæta á svæðinu og þeim sem áhuga hafa á svæðinu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þannig er leitast við að skapa sátt um fyrirhugaða friðlýsingu.

Um miðjan júní 2019 verður samráðsaðilum sent erindi þess efnis að undirbúningur að friðlýsingu Geysissvæðisins sé hafinn. Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast gætu við undirbúningsvinnuna.

Í verk- og tímaáætlun er gert ráð fyrir að í júní/júlí 2019 verði tillaga að auglýsingu um friðlýsingu Geysissvæðisins og hnitsettur uppdráttur með mörkum svæðis auglýstur til athugasemda. Þar munu allir hafa kost á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður send sérstök tilkynning um að tillagan sé auglýst til kynningar. Frestur til að skila inn athugasemdum verður 3 mánuðir.

Til viðbótar við það ferli sem lýst er hér að ofan verður haft samráð við hagsmunaaðila, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni er til.

Samráðsaðilar

- Bláskógabyggð
- Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu
- Ferðamálastofa
- Hestamannafélagið Logi
- Hótel Geysir
- Landeigendafélag Geysis
- Landgræðsla ríkisins
- Landssamband hestamanna
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Ríkiseignir
- Samgöngustofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- SAMÚT
- Skógræktin
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

- Vegagerðin
- Skipulagsfulltrúi Uppsveita
- Landeigendur Neðridals
- Landeigendur Stalla
- Landeigendur Haukadals 2
- Landeigendur Haukadals 3
- Landeigendur Haukadals 4
- Landeigendur Suðurgafis
- Landeigendur Helludals I
- Landeigendur Helludals II
- Landeigendur Tortu
- Landeigendur Bryggju